

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fyrirtæki sem starfa að loftflutningum, nr. 91 20. mars 1973, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 49 20. febrúar 1975.

1. gr.

14. gr. orðist þannig:

Leyfishafi skal fullvissa sig um, að flugstjórar þeir, sem hann ræður til starfa við farþegaflutninga í flugvélum með 5700 kg. hámarksþyngd eða minni, hafi 500 klst. flugtíma reynslu eða meira og þar af séu ekki færri en 100 flugstundir í yfirlandsflugi. Sé flogið í reglubundnu áætlunarflugi skal viðkomandi flugstjóri hafa a. m. k. 1200 klst. flugtíma reynslu.

2. gr.

Í reglugerðina bætist við ný gr., er verði 15. gr., svo hljóðandi:

Í flugvélum sem skráðar eru til flutninga á fleiri en 10 farþegum skal í farþegaflugi vera aðstoðarflugmaður. Aðstoðarflugmaðurinn skal hafa gilt atvinnuflugmannsskirteini, og fyrir flug skv. blindflugsreglum skal hann hafa gild blindflugsréttindi.

3. gr.

Í reglugerðina bætist ný gr., er verði 16. gr., svo hljóðandi:

Flugvél skal þá aðeins heimilt flug, þar sem tilkynnt hefur verið um ísingu eða búast má við ísingu, sé hún búin ísvarnbúnaði á væng- og stjélbrúnum, skrufum og öðrum stöðum eftir því sem við á, og skal búnaður þessi fullnægja kröfum flugmálastjórnar um gerð, frágang, notkun og viðhald.

Flugvél, sem ætluð er til notkunar í reglubundnu áætlunarflugi samkvæmt blindflugsreglum, skal eftir 15. október 1976 búin framangreindum ísvarnbúnaði.

4. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 15—19 verði 17—21.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.